

FW: FW: Erindi til framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar.

Til : Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Frá : Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Heiti : FW: FW: Erindi til framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar.
Málsnúmer : 1506279
Málsaðili : Hestamannafélagið Sörli
Skráð dags : 18.09.2015 13:43:00
Höfundur : Jóna Ósk Guðjónsdóttir

Viðhengi [Reiðleið við Hvaleyrarvatn..pdf](#)[Reiðleið við Hvaleyrarvatn..pdf](#)

From: Haraldur Guðfinnsson [mailto:haraldur@tobis.is]

Sent: 12. júní 2015 09:46

To: Ishmael R David

Subject: Erindi til framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar.

Framkvæmdaráð Hafnarfjarðar
Hafnarfirði.

Reiðveganefnd hestamannafélagsins Sörli í Hafnarfirði óskar eftir því Hafnarfjarðarbæ standi fyrir reiðvegagerð á svæði því sem teiknað er inná meðfylgjandi kort. Þetta er leið norðan við Hvaleyrarvatn. Þessi leið er á skipulagi. Rökin sem við teljum fyrir þessari framkvæmd eru m.a.

1. Í dag fer ríðandi umferð um akveginn niður að Hvaleyrarvatni og þaðan áfram á akvegi, enda enginn sérstakur reiðvegur þarna. Akandi umferð fer sívaxandi og fer þetta ekki saman.
2. Nýr reiðvegur er nú kominn inná skipulag og er sú leið auðveld til framkvæmda.
3. Mjög er orðið aðkallandi að auka við framboð á reiðleiðum og væri þessi leið mjög spennandi kostur og margir sem láta sig hlakka til hennar.
4. Hestamannafélagið Sörli hefur loforð um 1 milljón króna til að framkvæma á þessari leið og er hún merkt þessari framkvæmd. Mundi það ganga uppí væntalega framkvæmd Hafnarfjarðar. Ef ekki verður af þessari framkvæmd fáum við ekki þessa peninga. Framkvæma verður á þessu ári.
5. Sörli gerir sér grein fyrir að ef til vill verði ekki hægt að fara í mikla framkvæmd þarna, en leggur áherslu á að verkið verði hafið.
6. Ef Hafnarfjarðarbær treystir sér ekki þá óskar hestamannafélagið Sörli eftir því að fá að hefja framkvæmdir til að verðum ekki af því fé sem okkur er ætlað frá Vegagerðinni.
7. Ef við náum ekki að notfæra okkur þetta fé, þá dregur það úr möguleikum Sörli að fá úthlutað á næstu árum.

Með von um jákvæð viðbrögð
F.h. reiðveganefndar hestamannafélagsins Sörli
Haraldur Guðfinnsson.

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)